

## 102. Stjórnarfundur Fenúr

**Mætt:** Guðmundur T. Ólafsson, Ragna Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir og Guðmundur B. Friðriksson

**Staður og stund:** Sorpa, Gufunesi þann 25. september 2008 kl.14:00.

### Þetta gerðist

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fyrir stjórn til samþykktar. Samþykkt án athugasemda
2. Fenúrfrétti.  
GTO kynnti efni næsta tölublaðs. Upplagið verður 300 eintök og verður sent á félagsmenn innan skamms.
3. Undirbúningur 10 ára afmælis FENÚR  
Undirbúningshópur hefur fundað einu sinni. Stefnt er að því að halda ráðstefnu á stofndegri fagráðsins þann 9. desember nk. Staðsetning og drög að dagskrá rædd. Ráðstefnan verður opin öllum. Til skoðunar er að leita að styrktaraðilum fyrir ráðstefnuna. Rætt var um að koma upp sögusýningu í anddyri og fá erlenda fyrirlesara á ráðstefnuna.
4. FENÚR merkin  
Rætt var um endurútgáfu bæklinga með merkjunum og notkun þeirra fyrir afmælisfundinn og til notkunar í fyrirhugaðri kynningarherferð. Bæklingnum fylgi sýnishorn af merki. Ýmsar hugmyndir að kynningarefni ræddar, m.a. veggspjöld, límmiðar til dreifingar o.fl. Stjórnin telur mikilvægt að Úrvinnslusjóður noti FENÚR merkin í sýnu kynningarefni.
5. Styrkumsókn vegna aðalfundar ISWA  
Farið var yfir drög að styrkumsókn og þau samþykkt.

Næsti fundur er fyrirhugaður að loknum næsta fundi undirbúningshóps 10 ára afmælis fagráðsins, í seinnihluta október.

**Fundi slitið kl. 15:45**

**Fundarritari:** Guðmundur B. Friðriksson